

Einar Sigurbórsson



Einar Sigurbórsson rafvirki er fæddur árið 1940 og uppalinn í Háamúla í Fljótshlíð, nokkru innar en Múlakot. Hann hefur búið stóran hluta ævinnar á bænum og unnið sem rafvirki um áratuga skeið. Hann var og er enn tíður gestur í Múlakoti, enda tekur hann nú þátt í enduruppbyggingu gamla bæjarins.

Í mörg horn að líta hjá Láru og Nínu

„Það eru eiginlega tvær manneskjur sem mér finnst vera merkilegastar í Múlakoti en er nú sjaldan minnst á, það eru Lára Eyjólfsdóttir, kona Óla Túbals, og Jónína Böðvarsdóttir,“ segir Einar Sigurbórsson þegar hann er spurður um minningar sínar úr Múlakoti. „Í gegnum tíðina hefur borið ósköp lítið á þeim í umræðunni að mínu mati,“ bætir hann við.

Lára og Nína alltaf að

Einar segir engu hafa skipt hvenær komið var að Múlakoti, alltaf voru Lára og Nína á þönum. „Það var sama hvort maður kom klukkan eitt eða tvö á næturnar eða hálf sjö að morgni, Lára var alltaf á hlaupum. Það kom fyrir um miðjan daginn, ef maður læddist inn í eldhús, að maður sá hana sitjandi á stól sofandi í fimm mínútur. Það var í mörg horn að líta. Þetta stóð nú og féll með Láru og Nínu, allt þetta heimilishald hvíldi á þeim, svona að mestu. En náttúrulega voru stelpur líka sem unnu þarna, sérstaklega á sumrin,“ rifjar hann upp.

„Þær voru að útbúa mat og allt mögulegt, það var oft lambasteik á borðum. Síðan voru æði mörg gólfín að skúra. Svo þurfti að búa um öll rúm, þetta var heilmikil vinna. Lára var alltaf afskaplega gestrisin, og þegar komu krakkar þá máttu þeir fá maltflösku eða eitthvað, það var alltaf eitthvað til hjá henni.“

Nína var þvottavélin á bænum

Allan þvott þurfti að þvo í höndum og það var eitt af mörgum störfum Nínu sem Einar man vel eftir. „Ég man eftir einu sinni, það var fjörutíu og eitthvað, rétt eftir að jeppinn kom hingað, þá vorum við pabbi að koma utanað. Þegar við komum austur að læk, þá stóð Nína í læknum, milli skara, að skola þvottinn. Reynir stóð upp á brúnni í kuldaúlpu og barði sér, honum var svo kalt, en kellingin stóð í læknum!“ lýsir Einar.

„Nína sagði mér einu sinni að sumir væru að spyrja hvort Óli ætlaði ekki að fara að kaupa þvottavél, á þeim tíma var komin vél á flesta bæi. Þá læddist nú út úr henni að það kæmi nú ekki til þess fyrr en sú gamla bilaði!“

Nína sinnti ýmsum öðrum störfum. „Nína sat í horninu við vaskinn og vaskaði upp. Þegar hún orðin alveg fótalaus þá var það hennar embætti, en hún fór í mjöðmunum og komst illa um. Hjá henni og Láru var þetta nánast sólarhringsvakt, þegar mest var,“ segir hann.

Öllu tjaldað til fyrir gesti í garðinum

Að sjálfsögðu man Einar vel eftir garðinum og Guðbjörgu. „Guðbjörg var nú ekki mikið að skipta sér af okkur krökkunum, við sóttum meira í Láru og Nínu. Hún var á hærri stalli ef svo má segja. Hún var nokkuð að sinna gestum, en ekki okkur krökkunum,“ útskýrir Einar.

„Það virtist vera að fólk kæmi þarna, líkt og að fara í utanlandsferðir núna, þá sá maður fólk koma úr bænum. Það var þá kannski vikutíma eða svo í Múlakoti, eða á Laugarvatni sem var nú vinsælt líka. Það þótti voða gaman að fara í svona styttri ferðir.“

Öllu var tjaldað til í garðinum. „Það var á hverju hausti að kveikt var á ljósunum í garðinum, og fólk kom víða að til að sjá þessi ljós. Ég held að hugmyndin hafi nú komið með Óla frá þeim tíma þegar hann var í Kaupmannahöfn, þá fór hann í Tivoli og sá þar svona ljósaseríur,“ lýsir Einar.

Engir bílar en Valdi keyrði rútna

Fátt var um farartæki í sveitinni á þessum tíma. „Á þessum tíma voru ekki margir bílar og rútan var eina farartækið, og svo mjólkurbíllinn. Síðan var farið ríðandi styttri leiðir,“ segir Einar.

„Rútan kom inn á bæina ef það var pantað, og þegar síminn kom gat fólk látið vita í Múlakoti ef það ætlaði að taka rútna, þá kom hún hingað á bæina hér innar. Hún keyrði alltaf að



Mynd af Nínu - Jónínu Bøðvarsdóttur, máluð af Ólafi Túbals. Myndin er varðveitt á Skógarsafni

Múlakoti, og Valdi gamli sem keyrði rútna í mörg ár byggði sér kofa þarna, kom að Múlakoti á kvöldin og fór á morgnana.“

Oft lítil kynding og kalt á veturna

Einar rifjar upp hvernig herbergjaskipan var. „Það bjó allt heimilisfólkið í elsta hlutanum, Lára og Óli og stelpurnar. Síðan var Nína í króknum í norðausturhorninu, þar var eitt rúm fyrir hana. Þar var alveg óupphitað og fraus á koppnum hennar stundum. Guðbjörg svaf í lysthúsinu á sumrin. Svo svaf hún inni hjá þeim Láru og Óla á veturna þegar kalt var.“

Kyndingin var oft lítil. „Það var heimarafstöð, hún dugði það sem hún var en ekkert meira. Það gat orðið kalt á veturna og þegar var frost. Síðan voru steinolíuofnar og ýmislegt fleira til að reyna að kynda. Óli kom síðan með vararafstöð og hún var þarna úti í hlöðu síðustu árin. Það hjálpaði mikið að geta tengt hana ef mikið lá við,“ segir Einar.

„Stelpurnar sem unnu þarna voru með herbergi uppi á lofti, það var bara eitt rúm í hvoru. Svo voru herbergi þarna niðri líka, fyrir vestan innganginn, þar voru líka herbergi á ganginum. Forsetasvítan uppi var síðan mjög fínt herbergi á þeirra tíma mælikvarða.“

Gleðskaparmaðurinn Óli Túbals

Ólafi Túbals kynntist Einar sannarlega. „Óli var mikill karakter, svolítið þungur svona hvunn dags, en þegar hann var búinn að fá sér lampaspritt út í maltöl þá lifnaði nú heldur betur yfir mínum!“ segir hann og hlær.

Hann fór stundum að heimsækja sveitunga sína, til dæmis séra Sveinbjörn á Breiðabólstað. „Þetta voru skemmtilegir kallar, Sveinbjörn mikill skörungur, Siggi á Sámstöðum, hörkukall líka, og Óli, þetta voru gleðskaparmenn þegar þannig stóð í bólið þeirra. Svo málaði Óli mikið, heil ósköp sem hann málaði, ég á margar myndir eftir hann.“

Ólafur hafði upplifað margt óvenjulegt á þessum tíma. „Óli hafði gaman af að taka þátt í öllu sem tengdist Íslendingasagnaútgáfunni, það var honum ofarlega í huga, eins og fyrri dvölin hans í Kaupmannahöfn. Sú seinni fór nú eitthvað fyrir ofan garð og neðan, held ég,“ útskýrir Einar.

„Óli var gleðskaparmaðurinn í hópnum, en konurnar voru alltaf að vinna. Reynir var síðan í búinu, en Óli var ekki í því, hann var að mála og vesenast eitthvað. Síðan komu ýmsir listamenn í heimsókn, og þá var oft kátt í bænum. Þeir komu með drykkjarföng með sér, þannig að það var oft mjög glatt á hjalla.“

Músíkalskar systur, Lillý og Fjóla

„Þær stelpurnar, Lillý og Fjóla, spiluðu dálítið á orgel. Það er meira að segja til enn þá orgelið hennar Fjólu og meiningin að koma því aftur í Múlakot. Ég held að það hafi verið í baðstofunni, síðan var hún með það hjá sér þegar hún flutti á sambýli í Reykjavík. Þær systurnar voru músíkalskar, og þá sérstaklega Fjóla. Hún kunni öll lög og allt saman, vantaði ekkert upp á það,“ rifjar Einar upp.

„Lillý fór svo í barnaskólann þegar hún var eiginlega orðin fullorðin, fékk að fara með krökkunum í skólann og að koma innan um fleira fólk. Hún gat lært að lesa og eitthvað fleira. Skólinn var þá í Húsinu á móti Goðalandi,“ segir hann.

Síðan berst talið að sjoppunni. „Það kom fyrir að ég keypti eitthvað í sjoppunni í vesturglugganum, annars var það aðallega þegar rútur komu. Þá opnaði Lillý gluggann. Hún sá eiginlega um sjoppuna, og á sumrin voru þarna líka nokkrar aukastelpur til aðstoðar.“

Mikið félagslíf fyrir unga fólk

Oft komu krakkar úr sveitinni saman og hittust í Múlakoti. „Það var verið í garðinum ef það viðraði til þess, og svo voru þessar stelpur að vinna þarna á sumrin, þá þurftum við strákarnir náttúrulega að athuga með þær! Það var yfirleitt ágætis kunningsskapur við þetta vinnufólk allt þarna, bæði stráka og stelpur sem voru þarna á bænum,“ rifjar Einar upp.

„Í lysthúsinu vorum við krakkarnir oft á kvöldin, sátum þar að kjafta, bæði þau sem voru að vinna þarna og fleiri af bæjunum. Í kringum Múlakot skapaðist heilmikið félagslíf fyrir unga fólk að hittast,“ segir Einar að lokum.